

Fundargerð 156. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 3. júní 2015
Fundartími: 19:00 – 23:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að bæta við dagskrána liðnum önnur mál: a) Samningar um skólaakstur b) Erindi frá ungmennafélagunum í Flóahreppi.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 89, dags. 13.05.2015.

a) Hnaus II: Deiliskipulag – 1505020

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 23. september 2010 var tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á jörðinni Hnaus II. Samþykkt var að auglýsa tillöguna með fyrirvara um breytingu á stærð einnar lóðarinnar. Tillagan var aldrei auglýst þar sem ekki bárust gögn í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Nú er deiliskipulagið lagt fram að nýju með þeirri breytingu á sú lóð sem minnst var á í fyrri afgreiðslu nefndarinnar árið 2010 hefur verið felld út. Deiliskipulagið nær til 38 ha spildu og eru þar innan 6 frístundahúsalóðir innan um skógræktarreiti.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 15 – 06 – 1504001F, frá 29. apríl 2015

Lagðar fram til kynningar.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 90 dags. 28.05.2015

a) Loftstaðir-Eystri: Deiliskipulag – 1501001

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 10 ha svæðis úr jörðinni Loftstaðir-Eystri í Flóahreppi, sunnan Villingaholtsvegar. Í tillögunni eru afmarkaðar sex 1,27 ha lóðir og er á þremur þeirra gert ráð fyrir íbúðarhúsum auk minniháttar atvinnustarfsemi (hugsanlega lögbýli) og á þremur verður heimilt að reisa frístundahús og fjölnotahús. Ennfremur er gert ráð fyrir 2 ha sameiginlegu svæði. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 9. apríl. Engar ábendingar eða athugasemdir hafa borist.

Skipulagsnefnd mælir með að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Ragnheiðarstaðir 2: Deiliskipulag – 1501005

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi nýs lögbylis á landi úr jörðinni Ragnheiðarstaðir í Flóahreppi. Svæðið er í heild 193,7 ha og er 77,7 ha norðan Villingaholtsveggar og 116 ha sunnan vegarins. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, vélageymslu, hesthúss og annarra landbúnaðarbygginga. Tillagan var auglýst 9. apríl 2015 með athugasemdafresti til 22. maí. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir frá Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni. Tillagan er lögð fram með þeirri breytingu að skipulagssvæðið minnkar án þess að það hafi áhrif á framkvæmdasvæði.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagið með breytingu á afmörkun skipulagssvæðis.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Vatnsendi: Alifuglabú: fyrirspurn – 1505062

Lögð fram fyrirspurn Eflu verkfræðistofu dags. 21. maí 2015, f.h. landeigenda Vatnsenda (Inr. 166394) um skipulagsferil vegna stækkunar alifuglabús úr 15.000 fuglum í allt að 40.000 fugla. Meðfylgjandi erindi er yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu nýrra bygginga norðan Villingaholtsveggar.

Skipulagsnefnd samþykkir að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um tillögu þar sem sýnt er hvernig fjarlægðarmörk eru frá fyrirhuguðu alifuglabúu. Afgreiðslu frestað þar til umsögnin liggur fyrir. Ef Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemd við staðsetningu alifuglabúsins er næsta skref að leggja fram lýsingu deiliskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Vestur-Meðalholt 165513: Vestur-Meðalholt lóð 1: Stofnun lóðar – 1505053

Lögð fram umsókn Búnaðarsambands Suðurlands dags. 21. maí 2015, f.h. landeigenda, þar sem óskað er eftir að stofnuð verði 7.630 fm lóð úr landi Vestur-Meðalhólts (165513). Fyrirhugað er að sameina lóðina við aðliggjandi land.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

e) Austur-Meðalholt 165466: Austur-Meðalholt lóð 3: Stofnun lóðar – 1505054

Lögð fram umsókn Búnaðarsambands Suðurlands dags. 21. maí 2015, f.h. landeigenda, þar sem óskað er eftir að stofnuð verði um 6 ha lóð úr landi Austur-Meðalhólts (165466). Fyrirhugað er að sameina lóðina við aðliggjandi land.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

f. Austur-Meðalholt 188172: Vestur Meðalholt lóð 1 og Austur-Meðalholt lóð 3: Sameining lóða – 1505055

Lögð fram umsókn Búnaðarsambands Suðurlands dags. 21. maí 2015, f.h. landeigenda, þar sem óskað er eftir að sameinaðar verði tvær nýjar lóðir úr Vestur- og Austur Meðalhóltum við landið Austur-Meðalholt lóð (Inr. 188172).

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við sameiningu lóðanna.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

g) Vatnsholt 2 Inr. 166398: Afmörkun á skiptu og óskiptu landi – 1505057

Lagður fram uppdráttur sem sýnir afmörkun Vatnshólts 2 Inr. 166398. Landið er í dag án stærðar í fasteignaskrá og er nú óskað eftir samþykki á stærð og afmörkun landsins sem samkvæmt uppdrætti er 88,19 ha fyrir utan sameignarland í Villingaholtsvatni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi gögn með fyrirvara um samþykki aðliggjandi eigenda.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

h)Vatnsholt 1 lnr. 166395: Afmörkun á skiptu og óskiptu landi – 1505056

Lagður fram uppdráttur sem sýnir afmörkun Vatnsholts 1 lnr. 166395. Landið er í dag án stærðar í fasteignaskrá og er nú óskað eftir samþykki á stærð og afmörkun landsins sem samkvæmt uppdraetti er 85,42 ha fyrir utan sameignarland í Villingaholtsvatni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi gögn með fyrirvara um samþykki aðliggjandi eigenda.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

i) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 15-07 – 1505002F

Lagðar fram til kynningar.

3. Aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028 stýrihópur

Tillaga um að sveitarstjórn Flóahrepps vinni með Steinsholti sf sem stýrihópur við aðalskiplagsgerð Flóahrepps 2016 – 2028. Greitt verði fyrir vinnu stýrihóps mánaðarlega 5 % af þingfararkaupi þar til tillagan er tilbúin til auglýsingar. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með 5 atkvæðum.

4. Tilboð í þjónustu trúnaðarlæknis.

Lagður fram verksamningur við Vinnuvernd um þjónustu trúnaðarlæknis ásamt fylgiskjali nr. 1 er varðar þjónustubætti.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Viðaukar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2015.

Lagður fram viðauki II við fjárhagsáætlun Flóahrepps 2015 dags. 3. júní 2015 vegna eftirtalinna liða:

a) Félagsþjónusta

b) Leikskóli - lóð

c) Skrifstofa/sveitarstjórn – stýrihópur vegna aðalskipulags.

d) Leikskóli launaliður – eldhús/ræsting

e) Gamla Þingborg – leiga/viðhald

f) Sveitarstjórn Flóahrepps gerir eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015.

Viðauki 2

Rekstur:

02-Félagsþjónusta

Samþykktur viðauki vegna aukins kostnaðar við félagsþjónustu kr. 3.600 þús. Kostnaðarauka verður mætt með því að flytja 50% af áætluðu fjármagni til Holræsahreinsunar kr. 3.120 þús. yfir á árið 2016 og lækka framkvæmdakostnað í Flóaskóla um kr. 480 þús.

04-Leikskóli launaliður – eldhús /ræsting

Ákveðið var að taka í fulla notkun eldhús Krakkaborgar og ráða starfsmann þar ásamt því að segja upp ræstingafyrirtækinu Hreint og ráða starfskraft í ræstingu. Samtals kostnaðarauki verður kr. 3.052 þús.

Til leikskólans verða ráðnir 2 leikskólakennarar sem hækkar launalið leikskólans um kr. 1.200 þús. Heildarviðbót vegna reksturs leikskólans er því kr. **4.252 þús.** Kostnaðarauka mætt með lökkun á framkvæmdakostnaði í Flóaskóla.

09-Aðalskipulag stýrihópur

Áætluð hækkun á launalið um kr. **1.700 þús.**

Kostnaðarauka mætt með lökkun á framkvæmdakostnaði í Flóaskóla.

31-Gamla Þingborg – leiga / viðhald.

Viðhaldi á húsnaði Gömlu Þingborgar kr. 1.060 þús. verður mætt með leigutekjum af sama húsnaði kr. 1.060 þús.

Heildarleigutekjur vegna Þingborg eru áætluð kr. 1.593 þús. og mun innri leiga Eignasjóð lækka um þá fjárhæð. Innri leiga Eignasjóðs var áætluð kr. 1.806 þús. verður kr. 213 þús.

Fjárfesting:

Flóaskóli

Heildarlækkun á fjárfestingu Flóaskóla er kr. 6.432 þús. kr.

g) Nýr Leikskóli – frágangur og verklok.

Fjárfesting vegna leikskóla viðauki kr. 21.698 þús. mætt með lækkun á handbæru fé

Handbært fé:

Áætlað handbært fé í ársbyrjun 2015 var kr 71.993 þús. kr. Handbært fé í árslok 2014 samkvæmt ársreikningi 2014 nam kr 100.069 þús. kr. Gerður er viðauki til hækkunar á handbæru fé í ársbyrjun samkvæmt sjóðstreymisyfirliti að fjárhæð kr 28.076 þús. kr.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka II með 5 atkvæðum.

6. Leikskólalóð – tilboð í girðingu og frágang lóðar.

Lagt fram tilboð í frágang lóðar ásamt efni í girðingar frá Jóhanni Helga og Co ehf. og tilboð frá ÖG öryggisgirðingum og FB girðingum ehf, í girðingarefni.

Samþykkt að taka tilboði Jóhanns Helga og Co. Sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum

7. Erindi frá Guðrúnu Tryggvadóttur – Endurvinnslukortið – Náttúran.is

Lagt fram erindi frá Náttúran.is þar sem boðið er upp á miðlæga skráningu á upplýsingum um lausnir í sorpmálumálum á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Losun seyru í Flóahreppi 2015 – samningur við Holræsa og stíflupjónustu Suðurlands.

Lagður fram samningur við Holræsa og stíflupjónustu Suðurlands kt.601004-3050 um losun rotþróa. Samningurinn gildir til 1. júní 2018. Losunin verður unnin á tveimur árum. Komi til aukalosunar á tímabilinu gilda ákvæði samningsins einnig fyrir einstakar losanir fyrir fasteignaeigendur í Flóahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með 5 atkvæðum.

9. Erindi vegna ástands vegar í Brandshúsahverfi.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu í samráði við húseigendur á svæðinu.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá leikskólastjóra vegna 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna – föstudaginn 19. júní áður til umfjöllunar 6. maí 2015.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að stofnanir sveitarfélagsins verði lokaður frá klukkan 12.00 á hádegi, 19. júní 2015.

11. Gamla Þingborg – leigusamningur við Fanndísi Huld Valdimarsdóttur.

Lagður fram samningur við Fanndísi Huld Valdimarsdóttur, sem leigutaka af hluta Gömlu Þingborgar. Um er að ræða 3 herbergi á neðstu hæð hússins, samtals 44,2 fermetra. Leiguverð kr 900 pr fermetra.

Samningurinn er samþykktur með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá Rannveigu Árnadóttur og Brynjari Stefánssyni – vinnuframlag unglings í reiðskóla.

Lagt fram erindi frá Rannveigu Árnadóttur og Brynjari Jóni Stefánssyni, þar sem óskað er eftir styrk sem nemur einu vinnuframlagi unglings úr unglingsvinnu Flóahrepps til að starfa við reiðnámskeið fyrir börn og unglinga í sumar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá Umhverfisstofnun – endurskoðun á samningi um refaveiðar.

Umhverfisstofnun vísar til 9. gr. í samningi stofnunarinnar við Flóahrepp, þar sem kemur fram að endurskoða eigi samninginn árlega með tilliti til samningsfjárhæðar fyrir árin 2015 – 2016 og birta sem viðauka við samninginn. Nú er boðin 2 % hækkun á endurgreiðsluhlutfalli hvers sveitarfélags árið 2015, þannig að heildargreiðsla til Flóahrepps nemur því kr. 42.412.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann með 5 atkvæðum.

Í erindinu er einnig gerð grein fyrir aukaframlagi kr 200.000, til refaveiða nái sveitarfélög samkomulagi um samstarf við refaeyðingu. Sveitarstjóra falið að leita eftir samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um samstarf við refaeyðingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Erindi frá Kristínu Hreinsdóttur skipan fulltrúa vegna undirbúnings á menntaþingi í mars 2016.

Lagt fram erindi frá Kristínu Hreinsdóttur þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni 2 fulltrúa til að skipuleggja menntaþing á Suðurlandi. Menntaþingin verða 5 talsins og eru hluti af menntaverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands.

Sveitarstjórn tilnefnir Elínu Höskuldsdóttur og Huldu Kristjánsdóttur sem fulltrúa Flóahrepps í undirbúningshópinn. Sveitarstjóra falið að ræða við Huldu vegna þessa verkefnis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

16. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 155, dags. 06.05.2015

Lögð fram til kynningar

b) Vinnufundar sveitarstjórnar vegna aðalskipulagsgerðar dags. 20.05.2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 9, dags. 04.05.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 10, dags. 14.05.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 11, dags. 21.05.2015

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 84 dags. 19.05.2015

Sveitarstjórn samþykkir meðfylgjandi skóladagatal og starfsáætlun

Krakkaborgar og skóladagatal Flóaskóla. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með fræðslunefnd í upphafi næsta skólaárs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Vorfundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, dags. 30.04.2015

h) Fundargerð vorfundar þjónustsvæðisins lögð fram til kynningar.

Meðfylgjandi:

1) Þjónustusamningur 13 sveitarfélaga á Suðurlandi – Bergrisinn

Lagður fram til kynningar.

2) Samningur milli sveitarfélagsins Árborgar og Bergrisans bs, um þjónustu við fatlað fólk á Suðurlandi

Lagður fram til kynningar.

- 3) Liður 1. Fjárhagsáætlun 2015 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.
- | | |
|---|-----------------|
| Áætlaður rekstrarkostnaður er | 1.116.351.000 – |
| Áætlaðar greiðslur frá jöfnunarsjóði | 836.781.000- |
| Áætlaðar greiðslur í rekstrarsjóð v/útsvars | 135.000.000 - |
- Fjárhagsáætlun ársins 2015 sem gerir því ráð fyrir 114.570.000 kr rekstrarhalla, samþykkt með 5 atkvæðum. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir áhyggjur vorfundar vegna hallans og óskar eftir því að endurskoðun á samingi ríkisins við sveitarfélögin verði hraðað og þeim tryggt nægjanlegt fjármagn til rekstrar málaflokksins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- i) **NOS nr. 7, dags. 30.04.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands, nr. 164, dags. 30.04.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Stjórnar SASS, nr. 491, dags. 16.02.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Stjórnar SASS, nr. 492, dags. 06.03.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Stjórnar SASS, nr. 493, dags. 08.04.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Stjórnar SASS, nr. 494, dags. 08.05.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 16.04.2015**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Efni til kynningar:

- a) **Svarbréf frá Framkvæmdadeild Vegagerðar ríkisins vegna samgangna í Flóahreppi**
- b) **Kynningarefni af fundi 18. maí á vegum Forsætisráðuneytis, vegna þjóðlendna.**
- c) **Erindi frá Vinnumálastofnun – vegna skráningar starfa í verkefnið „Virkjum hæfileikana**
- d) **Frá Íbúðarlánasjóði – um framlög til sveitarfélaga vegna sölu á félagslegu húsnæði, lok verkefnis**
- e) **Frá Umhverfistofnun vegna óheimilla auglýsinga meðfram vegum**

18. Önnur mál.

- a) **Samningar við skólabílstjóra**
Lagðir fram minnispointar varðandi skólaakstur dags. 3. júní. Allir skólabílstjórar hafa óskað eftir endunýjun á samningum.
Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við skólabílstjóra á forsendum minnisblaðsins. Samningar munu fela í sér hækkun skv. vísitölu neysluverðs og eru til þriggja ára en uppsegjanlegir af beggja hálfu með 3 mánaða fyrirvara.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) **Erindi frá Ungmennafélögunum í Flóahreppi. Vinnuframlag unglings á leikjanámskeiði.**
Lagt fram erindi frá Hallfríði Aðalsteinsdóttur gjaldkera Vöku, fyrir hönd ungmennafélaganna í Flóahreppi, þar sem óskað er eftir styrk sem nemur einu vinnuframlagi unglings úr unglingsvinnu Flóahrepps til að starfa við leikjanámskeið fyrir börn og unglings í sumar.
Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir